



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2008

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um staðfesta samvist nr. 87/1996 með síðari breytingum, 532. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar Biskupsstofu um frumvarp til laga um breyting á lögum um staðfesta samvist nr. 87/1996 með síðari breytingum.


Eins og fram kemur í athugasemdum við framangreint lagafrumvarp samþykkti Kirkjuþing 2007, þingsályktun um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist. Þingsályktunin er svo hljóðandi:

Kirkjuþing lýsir stuðningi við meginatriði ályktunar kenningarnefndar um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist og stendur við hefðbundið skilning á hjónabandinu sem sáttmála karls og konu.

Ef lögum um staðfesta samvist verður breytt þannig að trúfélög fái heimild til að staðfesta samvist þá styður Kirkjuþing það að prestum Þjóðkirkjunnar, sem eru vígslumenn að lögum, verði það heimilt. Kirkjuþing leggur áherslu á að frelsi presta í þessum efnum verði virt.

Með vísan til framangreindrar þingsályktunar Kirkjuþings 2007 og þess er fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst, f.h. Kirkjuráðs

  
Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.  
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs



Reykjavík, 9. maí 2008.

Varðar 532. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008:

**Umsögn FAS, Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.**

FAS, Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, fagna ofangreindu frumvarpi. Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til munu samkynhneigð þör framvegis hafa val um hvort þau stofna til staðfestrar samvistar hjá trúfélögum eða borgaralegum vigsalumönnum. Það skiptir mörg samkynhneigð þör máli að hafa þetta val og fyrir trúaða hefur það mikla tilfinningalega þýðingu.


Frumvarpið gengur þó að mati FAS ekki nógu langt. Markmið FAS er að ein hjúskaparlög gildi í landinu, sem nái yfir samvist samkynhneigðra jafnt og hjónaband gagnkynhneigðra. Nú þegar hafa samkynhneigðir í staðfestri samvist og gagnkynhneigðir í hjónabandi sömu réttindi og sömu skyldur, svo að vandséð er hvaða tilgangi það þjónar að hafa tvö lög um sama gjörninginn.

Eflaust munu ekki öll starfandi trúfélög í landinu nýta sér þá heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Rétt er þó að gefa sérstakan gaum að þjóðkirkjunni og prestum hennar, sem eru opinberir starfsmenn og geta því tæplega neitað að vígja samkynhneigð þör í staðfesta samvist. FAS vekur athygli á samþykkt Kirkjubings frá 25. október 2007 um að „þeim prestum þjóðkirkjunnar, sem það vilja, verði heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra, ef löggjafinn veitir trúfélögum heimild til þess“. Hér er sem sé gert ráð fyrir að þeir prestar þjóðkirkjunnar sem ekki vilja veita samkynhneigðum þessa þjónustu geti neitað því. Slík neitun hlýtur að brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

FAS vekur einnig athygli á að samkvæmt 16. grein hjúskaparlaga nr. 31/1993 má „stofna til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni skráðs trúfélags er hefur vigsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vigslumanni.“ Sömu aðilar, auk dómara, geta skv. 42. gr. laganna leitað um sættir milli hjóna sem ákveðið hafa að leita skilnaðar. Um staðfesta samvist gilda hins vegar lög nr. 87/1996, en samkvæmt 8. gr. þeirra laga geta aðeins sýslumenn og dómarar leitað sátta. Í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki lögð til nein breyting á 8. grein laga um staðfesta samvist og því virðist ekki gert ráð fyrir að prestar eða forstöðumenn trúfélaga sem hafa vigsluheimild geti leitað sátta milli para í staðfestri samvist. Þetta ætti að samræma.

Þrátt fyrir ofangreinda annmarka telur FAS fyrirliggjandi frumvarp vera spor í þá átt að tryggja samkynhneigðum full mannréttindi til jafns við gagnkynhneigða og styður því samþykkt þess.

Virðingarfyllst,

  
Ingibjörg S. Guðmundsdóttir,  
formaður FAS

  
Guðrún Rognvaldardóttir,  
varaformaður FAS

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135 / 2744  
komudagur 15.5. 2008



Alþingi Íslendinga  
Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804  
postur@fel.stjr.is  
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 14. maí 2008  
Tilv.: FEL08040128/0005

Hér með sendist umsögn félags- og tryggingamálaráðherra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist á þskj. 833, 532. mál.

Umsögnin hefur jafnframt verið sent með tölvupósti.

Fyrir hönd ráðherra

  
Þorgerður Benediktsdóttir

  
Linda Rós Alfreðsdóttir

**Umsögn**  
**félags- og tryggingamálaráðherra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum, þskj. 833.**

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögjum um staðfesta um staðfesta samvist, 532. mál, um heimild presta til að staðfesta samvist.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið fagnar því að stigið sé fyrsta skrefið í löggjöf til að veita prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga heimild til að staðfesta samvist einstaklinga af sama kyni.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2839**  
**komudagur 19.5.2008**

19.maí 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Til allsherjarnefndar Alþingis**  
**Þskj. 833 – 532 mál. 135. löggjafarþing 2007–2008.**


**Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þessu frumvarpi og lítur á það sem jákvætt skref í þá átt að tryggja réttindi samkynhneigðra til jafns við réttindi gagnkynhneigðra.

Félagsráðgjafafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Í frumvarpinu er forstöðumönnum trúfélaga og prestum þjóðkirkjunnar veitt heimild til að staðfesta samvist. Þeir hafa þannig heimild til að ákveða að neita að staðfesta samvist para. Þjóðkirkjan er ríkisskirkja og prestar þjóðkirkjunnar eru opinberir starfsmenn með réttindi og skyldur. Að mati Félagaráðgjafafélags Íslands skýtur það skökku við að prestum þjóðkirkjunnar sé heimilað að neita að þjónusta tiltekinn samfélagshóp. Það er spurning hvort slíkt samræmist jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar.
2. Í frumvarpinu er prestum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum trúfélaga veitt heimild til að „staðfesta samvist”. Prestar og forstöðumenn hafa vígsluheimild og því væri réttast að í frumvarpinu væri notað hugtakið „vígja samvist” í stað „staðfesta samvist” eins og lagt er til í frumvarpinu.

F.h. Félagaráðgjafafélags Íslands



---

Guðbjörg Ottósdóttir  
félagaráðgjafi

**Alþingi**  
Erindi nr. Þ 135/2707  
komudagur 14.5.2008



**Hagstofa Íslands**

13. maí 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um staðfesta samvist, 532. mál, heimild presta til að staðfesta samvist.**

Allsherjarnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um staðfesta samvist, 532. mál, heimild presta til að staðfesta samvist.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

---

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2656**  
**komudagur 13. 5. 2008**

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**


Reykjavík, 8. maí 2008

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, 532. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga, er hafa vígsluheimild skv. 17. gr. hjúskaparlaganna, fái nú einnig heimild til að staðfesta samvist. Í greinargerð er nánar útskýrt hvernig heimildarákvæðinu verði beitt.

Stjórn PÍ telur að breytingartillagan sé í fullu samræmi við þá málamiðlun sem náðst hefur í umræðu innan Þjóðkirkjunnar og styður frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,

  
sr. Ólafur Jóhannsson, formaður

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2745  
komudagur 15.5.2008

Reykjavík 13. maí 2008

Til allsherjarnefndar Alþingis  
Pskj. 833 – 532 mál. 135. löggjafarþing 2007–2008.

**Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.**

Samtökin '78 fagna framkomnu frumvarpi um breytingu á lögum um staðfesta samvist. Með lagabreytingunni fá samkynhneigð pör val um stofnun staðfestrar samvistar hjá trúfélögum eða borgaralegum vígslumönnum. Sá möguleiki að geta staðfest samvist sína hjá trúfélagi skiptir mörg samkynhneigð pör miklu máli og hefur djúpa tilfinningalega þýðingu.

Samtökin '78 gera þó athugasemdir við þrennt í frumvarpinu:

- 1) Frumvarpið gerir beinlínis ráð fyrir því að prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga geti neitað samkynhneigðum pörum sem til þeirra leita um þjónustu. Vegna sérstakrar stöðu Þjóðkirkjunnar og presta hennar sem opinberra starfsmanna þá er slík heimild – til þess beinlínis að synja tilteknum samfélagshópi um þjónustu – bæði alvarleg og hugsanlega einnig brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Samtökin '78 leggja því til þá breytingu á frumvarpinu að tekinn verði af allur vafi um rétt samkynhneigðra til þess að njóta þjónustu presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga til jafns við gagnkynhneigða.
- 2) Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu til samræmis við 19. gr. hjúskaparlaganna, þ.e. því að starfsmenn íslenskra sendiráða og ræðismenn Íslands erlendis hafi heimild til þess að staðfesta samvist (þá samkvæmt íslenskum lögum og með íslenskum réttaráhrifum). Þá gerir frumvarpið ekki ráð fyrir breytingu til samræmis við 20. gr. hjúskaparlaganna þar sem kveðið er á um að heimilt sé að veita erlendum prestum og ræðismönnum erlendra ríkja leyfi til þess að framkvæma hjónavígslu hér á landi. Samtökin '78 leggja til að heimild vígslumanna til þess að staðfesta samvist samkynhneigðra verði að öllu leyti sú sama og gildir í hjúskaparlögunum, eða alls staðar þar sem kostur er samkvæmt milliríkjasamningum Íslands og annarra ríkja.
- 3) Í frumvarpinu er hugtakið „staðfesting samvistar“ og „staðfesting“ notað í stað „vígslu“ líkt og gert er í hjúskaparlögum gagnkynhneigðra. Slíkt skýtur skökku við enda er með frumvarpinu verið að veita prestum og forstöðumönnum trúfélaga „er hafa vígsluheimild“ þennan rétt. Samtökin '78 leggja til að í stað orðanna „staðfestingu samvistar“ komi „vígja í staðfesta samvist“ og að orðum greinum laganna um staðfesta samvist verði breytt til samræmis þar sem við á.

Lög um staðfesta samvist voru á sínum tíma stórkostlegt skref í þá átt að bæta réttarstöðu samkynhneigðra og styrkja fjölskyldurétt þeirra. Forysta Samtakanna '78 barðist heilshugar fyrir því að þau yrðu að veruleika en horfðist jafnframt í augu við þann sára sannleika að í þeim fólust takmarkanir sem vitnuðu um tregðu löggjafans til að virða og viðurkenna það að öllum þegnum þjóðfélagsins bæri sami réttur. Með lögum um staðfesta samvist frá 1996 var samkynhneigðum pörum til að mynda beinlínis meinað að ættleiða börn og njóta þjónustu opinberra sjúkrastofnana til tæknifrjógvunar. Þessar hindranir hafa fallið ein af annarri með breyttum viðhorfum, árið 2000 og árið 2006. Verði fyrirliggjandi frumvarp að lögum þá liggur fyrir að svo til eini lagalegi



munur á hjúskaparlögum gagnkynhneigðra og staðfestri samvistar samkynhneigðra verður sá að prestar og forstöðumenn trúfélaga geta beinlínis neitað fólki um þjónustu samkvæmt hinum síðarnefndu lögum. Eftir sem áður verður hins vegar enginn munur á réttindum og skyldum gagnkynhneigðra hjóna og samkynhneigðra para í staðfestri samvist. **Í ljósi þess og ofangreindra athugasemda, þá skora Samtökin '78 á Alþingi að þegar í stað verði hafin nauðsynleg undirbúningsvinna til þess að sameina lög um hjúskap fólks á Íslandi í einum og sama lagabálkinum. Slík breyting myndi tryggja fullkomna samræmingu á löggjöf allra þeirra sem ganga vilja í hjónaband og senda um leið skýr skilaboð til samkynhneigðra og fjölskyldna þeirra um að þeim beri að öllu leyti sami réttur og öðrum þjóðfélagsþegnum.**

Þrátt fyrir ofangreinda annmarka frumvarpsins þá fagnar stjórn Samtakanna '78 engu að síður fyrirliggjandi frumvarpi sem enn einu skrefinu í þá átt að leiðrétta réttarstöðu samkynhneigðra til jafns við gagnkynhneigða.

F.h. stjórnar Samtakanna '78  
félags lesbía og homma á Íslandi

Frosti Jónsson  
formaður

Hrafnkell T. Stefánsson  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 135/2573  
komudagur 7.5.2008

SIÐMENNT  
Félag siðrænna húmanista á Íslandi  
Æsufelli 4, 2F  
111 Reykjavík  
www.sidmennt.is  
sidmennt@sidmennt.is

6. maí 2008

Umsögn Siðmenntar um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Siðmennt lýsir sig efnislega sammála þeim breytingum sem lagðar eru fram í frumvarpinu á 4. grein laganna, liðum a, b og c

Siðmennt vill gera eftirfarandi athugasemd er lítur að aðdraganda þessa frumvarps og efni greinargerðarinnar „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta“ sem er neðanmáls við það.

Það er hryggilegt til þess að hugsa að löggjafinn skuli fyrst nú veita þetta sjálfsagða frelsi, eftir að Þjóðkirkjan loksins veitti samþykki sitt. **Alþingi á ekki að lúta vilja einstaka trúfélaga, óháð stærð þeirra, um það hvernig mannréttindum er útdelt á Íslandi.** Löggjafavaldið á í ákvörðunartökum sínum að vera algerlega aðskilið trúarlegum hagsmunahópum og gæta þess að allir séu jafnir fyrir lögnum. Skylda löggjafans er fyrst og fremst til mannréttinda, ekki til trúarhópa. Kirkja á að vera aðskilin ríki og löggjafinn óháður og frjálst til þess að stuðla að lagabótum eins fljótt og auðið er. Hvert trú- og lífsskoðunarfélag hefur svo frelsi til að fylgja sinni eigin sannfæringu svo lengi sem hún brýtur ekki á frelsi og réttindum annarra.

Ef litið er á stærra samhengi laganna, þá er Siðmennt þeirrar skoðunar að ekki eigi að hafa sérstök lög um „staðfesta samvist“ heldur **eigi samkynhneigðir að geta „gift“ og gengið í „hjónaband“ rétt eins og allir aðrir.** Félagið telur að með þessu orðalagi „staðfest samvist“ sé verið að mismuna samkynhneigðum pörum og komist undan því að veita þeim sömu virðingu og gagnkynhneigðum ástarsamböndum. Siðmennt hvetur löggjafann til að taka öll lög til endurskoðunar með þetta að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

F.h. Siðmenntar

Hope Knútsson, formaður

SIÐMENNT er aðili að eftirfarandi samtökum:  
IHEU - International Humanist and Ethical Union  
EHF - European Humanist Federation  
MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands